

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015,
iðnaðarsvæði á Reykjanesi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 28. mars 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í nýrri legu háspennulínu og stækkun iðnaðarsvæðis til suðausturs innan Reykjanesbæjar.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 28. mars 2006.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.